

15. mars 2018

Fjármál hins opinbera 2017, bráðabirgðauppgjör

General government finances 2017, preliminary accounts

Samantekt

Tekjuafkoma hins opinbera var jákvæð um 38,7 milljarða króna árið 2017 eða 1,5% af landsframleiðslu. Til samanburðar var afkoman jákvæð um 308,4 milljarða króna árið 2016 eða 12,6% af landsframleiðslu og neikvæð um 18,2 milljarða króna árið 2015.

Tekjur hins opinbera námu um 1.109,6 milljörðum árið 2017 eða 43,4% af landsframleiðslu. Drögust tekjurnar saman um 22% milli ára, sem rekja má til 384,2 milljarða króna stöðugleikaframlags frá slitabúum fallinna fjármálfyrirtækja árið 2016. Útgjöld hins opinbera voru 1.070,9 milljarðar króna 2017 eða sem nemur 41,9% af landsframleiðslu en til samanburðar námu útgjöldin 45,2% af landsframleiðslu árið 2016.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála árið 2017 eru áætluð 223,7 milljarðar króna eða 8,8% af landsframleiðslu. Þar af er hlutur hins opinbera 184,8 milljarðar króna en hlutur heimila 38,9 milljarðar eða 17,4% af útgjöldunum. Á mann námu heilbrigðisútgjöld hins opinbera 536 þúsundum króna. Útgjöld á mann á föstu verðlagi hafa hækkað undanfarin ár en eru þó enn 5,6% lægri en árið 2008.

Heildarútgjöld til fræðslumála eru áætluð 189,7 milljarðar króna árið 2017 eða sem nemur 7,4% af landsframleiðslu. Þar af var fjármögnun hins opinbera 171,9 milljarðar króna og hlutur heimila 17,8 milljarðar króna eða sem nemur 9,4% af heildarútgjöldum málafloksins. Fræðsluútgjöld hins opinbera á mann námu 499 þúsund krónum og eru þau að raungildi 13,3% lægri en árið 2008.

Samkvæmt áætlun út frá greiðslutölum námu peningalegar eignir hins opinbera 42,4% af landsframleiðslu í árslok 2017 meðan áætlað er að heildarskuldir hins opinbera hafi numið 74,0% af landsframleiðslu. Fara þarf aftur til ársins 2007 til að finna lægra skuldahlutfall.



Inngangur

Fjármál hins opinbera eru í brennidepli í þessu riti


Í þessu riti verður fyrst og fremst lögð áhersla á hið opinbera en samsvarandi upplýsingar um undirgeira þess má sjá á vefsíðu Hagstofunnar. Vikið verður að afkomuþróun hins opinbera, gerð grein fyrir þróun tekna og gjalda frá mismunandi sjónarhornum, og heilbrigðis- og menntamálum gerð skil í talnaefni og myndum.

Umfang hins opinbera

Hið opinbera takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar

Hefðbundin skilgreining á hinu opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum afmarkast við starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með tekjum af sölu á vörum og þjónustu á almennum markaði. Hér er því um tiltölulega þróna skilgreiningu að ræða sem takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vörum og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera geira samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

Mynd 1. Hlutfallsleg skipting tekna og gjalda undirgeira hins opinbera 2017
Figure 1. Relative size of government in terms of revenue and expenditure 2017



Árið 2017 runnu 72,7% tekna hins opinbera til ríkissjóðs og 27,1% til sveitarfélaga. Af tekjum ríkissjóðs er áætlað að 32,3% renni áfram til almannatrygginga og sveitarfélaga sem fjárfamlög. Þar af 227,1 milljarðar króna til almannatrygginga og 33,4 milljarðar króna til sveitarfélaga.

Af útgjöldum hins opinbera er hlutur almannatrygginga 20,2% eða 216,8 milljarðar króna, sveitarfélaga 30,9% eða 330,6 milljarðar króna, og ríkissjóðs 48,9% eða 523,5 milljarðar króna.

Afkoma hins opinbera

*Tekjuafkoma hins opinbera nam
38,7 milljörðum króna 2017*


Samkvæmt bráðabirgðatölum var tekjuafkoma hins opinbera jákvæð um 38,7 milljárðar króna árið 2017 eða sem nemur 1,5% af landsframleiðslu. Til samanburðar var afkoman jákvæð um 12,6% af landsframleiðslu árið 2016 og neikvæð um 0,8% af landsframleiðslu árið 2015. Betri afkoma 2016 skýrist öðru fremur af 384,2 milljarða króna stöðugleikaframlagi frá föllnu bönkunum.

Vegna umfangs ríkissjóðs ræður tekjuafkoma hans miklu um þróun afkomu hins opinbera í heild. Árið 2017 er áætluð tekjuafkoma ríkissjóðs 31,4 milljarðar króna eða 1,2% af landsframleiðslu, samanborið við 300,2 milljarða króna árið 2016. Án tekna ríkissjóðs vegna stöðugleikaframlagsins og fjármagnstilfærslu ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 milljarða króna, hefði tekjuafkoma ríkissjóðs árið 2016 verið 21,1 milljarðar króna.

Nokkur munur er á niðurstöðum um afkomu ríkissjóðs milli Hagstofu Íslands og Fjársýslu ríkisins sem stafar af því að Fjársýslan vinnur eftir reikningsskilastöðum, en Hagstofan vinnur eftir alþjóðlegum þjóðhagsreikningastöðum.

Mynd 2. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 2. General government financial balance as per cent of GDP



Skýringar Notes: 192 ma. kr. yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum Seðlabanka Íslands er meðtalin. Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtalar 2016. Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin 2016. *The central government debt assumption of 192 billion ISK in 2008 is included. Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 2016. The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 2016.*

*Tekjuafkoma sveitarfélaga var
1,3 milljarðar króna 2017*

Tekjuafkoma sveitarfélaga árið 2017 er áætluð 1,3 milljarðar króna eða 0,1% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuafkoma sveitarfélaga 1,9 milljarðar króna árið 2016. Tekjur sveitarfélaga jukust um 8,2% milli ára, þar af skatttekjur um 9,6%. Heildargjöld sveitarfélaga jukust um um 8,4%, þar vegur þyngst 9,3% aukning í launakostnaði og 27,5% aukning í fjárfestingu.

Samhliða vinnslu bráðabirgðauppgjörs ársins 2017 reyndist vera tilefni til endurskoðunar á ákveðnum tekju- og gjaldaliðum sveitarfélaga fyrir árið 2016. Niðurstaða þeirrar endurskoðunar leiddi til þess að rekstrartekjur hækka um tæplega 5 milljarða, rekstrargjöld hækka um rúmlega 5,5 milljarða og verg fjármunamyndun hækkar um 0,6 milljarða frá áður birtum niðurstöðum.

Tafla 1. Fjármál hins opinbera 2012–2017
Table 1. General government finances 2012–2017

| Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i> | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 ¹ |
|------------------------------------------------------------------------------|-------|-------|-------|-------|---------|-------------------|
| Tekjur hins opinbera ² <i>General gov. revenue</i> ² | 740,8 | 795,7 | 907,0 | 931,0 | 1.418,3 | 1.109,6 |
| Útgjöld hins opinbera ³ <i>Gen. gov. expenditure</i> ³ | 807,2 | 830,5 | 908,5 | 949,1 | 1.109,9 | 1.070,9 |
| Tekjuafkoma hins opinbera <i>Gen. gov. NLB</i> | -66,5 | -34,8 | -1,5 | -18,2 | 308,4 | 38,7 |
| Hlutfall af VLF Per cent of GDP | | | | | | |
| Tekjur hins opinbera ² <i>Gen. gov. Revenue</i> ² | 41,4 | 41,9 | 44,9 | 41,7 | 57,8 | 43,4 |
| Útgjöld hins opinbera ³ <i>Gen. gov. Expenditure</i> ³ | 45,2 | 43,7 | 45,0 | 42,5 | 45,2 | 41,9 |
| Tekjuafkoma hins opinbera <i>Gen. gov. NLB</i> | -3,7 | -1,8 | -0,1 | -0,8 | 12,6 | 1,5 |
| Tekjuafkoma ríkissjóðs <i>Central gov. NLB</i> | -3,3 | -1,8 | 0,8 | -0,3 | 12,2 | 1,2 |
| Tekjuafkoma sveitarfélaga <i>Local gov. NLB</i> | -0,5 | -0,4 | -0,8 | -0,6 | 0,1 | 0,1 |
| Tekjuafkoma almannatrygg. <i>SSF NLB</i> | 0,0 | 0,3 | -0,1 | 0,1 | 0,3 | 0,2 |

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

² Tekjur ríkissjóðs af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar 2016. *Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 2016.*

³ Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin 2016. *The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 2016.*

Tekjur hins opinbera

Tekjur hins opinbera námu 43,4% af landsframleiðslu

Tekjur hins opinbera námu 1.109,6 milljörðum króna árið 2017 og drögust saman um 21,8% milli ára. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 43,4% samanborið við 57,8% árið 2016. Á árinu 2016 voru tekjur af stöðugleikaframlagi ríkissjóðs 384,2 milljarðar króna.

Tafla 2. Heildartekjur hins opinbera og undirgeira þess 2012–2017


Table 2. General government total revenue 2012–2017

| Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i> | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 ¹ |
|-----------------------------------------------------------------|-------|-------|-------|-------|---------|-------------------|
| Hið opinbera <i>General government</i> | 740,8 | 795,7 | 907,0 | 931,0 | 1.418,3 | 1.109,6 |
| Ríkissjóður ² <i>Central government</i> ² | 545,5 | 584,5 | 686,1 | 692,4 | 1.149,0 | 815,5 |
| Sveitarfélög <i>Local governments</i> | 224,4 | 243,6 | 254,9 | 273,6 | 308,3 | 333,6 |
| Almannatryggingar <i>Social security funds</i> | 157,8 | 166,8 | 168,6 | 178,8 | 200,3 | 230,0 |
| Hlutfall af VLF Per cent of GDP | | | | | | |
| Hið opinbera <i>General government</i> | 41,4 | 41,9 | 44,9 | 41,7 | 57,8 | 43,4 |
| Ríkissjóður ² <i>Central government</i> ² | 30,5 | 30,8 | 34,0 | 31,0 | 46,8 | 31,9 |
| Sveitarfélög <i>Local governments</i> | 12,6 | 12,8 | 12,6 | 12,2 | 12,6 | 13,1 |
| Almannatryggingar <i>Social security funds</i> | 8,8 | 8,8 | 8,3 | 8,0 | 8,2 | 9,0 |

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

² Tekjur ríkissjóðs af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar 2016. *Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 2016.*

Mynd 3. Tekjur og útgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu
Figure 3. General government revenues and expenditures as per cent of GDP



Skýringar Notes: 192 ma. kr. yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum Seðlabanka Íslands er meðtalin. Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar 2016. Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin 2016. *The central government debt assumption of 192 billion ISK in 2008 is included. Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 2016. The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 2016.*

Eins og fram hefur komið lækkuðu tekjur ríkissjóðs milli ára, fóru úr 46,8% af landsframleiðslu árið 2016 í 31,9% árið 2017. Tekjur sveitarfélaga jukust á sama tíma, mældust þær 13,1% sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2017 samanborið við 12,6% árið 2016. Framlagið til almannatrygginga hefur aukist og eru heildartekjur almannatrygginga áætlaðar 9,0% af landsframleiðslu árið 2017.

Tafla 3. Megintekjustofnar hins opinbera 2012–2017
Table 3. General government main income types 2012–2017

| Í milljörðum króna In billion ISK | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 ¹ |
|---------------------------------------------|-------|-------|-------|-------|---------|-------------------|
| Heildartekjur Total revenue | 740,8 | 795,7 | 907,0 | 931,0 | 1.418,3 | 1.109,6 |
| Skatttekjur ² Taxes ² | 561,6 | 606,2 | 700,8 | 732,3 | 1.180,2 | 873,5 |
| Tryggingagjöld Social contributions | 64,9 | 69,9 | 73,4 | 79,7 | 85,4 | 89,2 |
| Fjárframlög Grants | 3,7 | 2,9 | 2,5 | 2,7 | 3,0 | 2,7 |
| Aðrar tekjur Other revenue | 110,6 | 116,7 | 130,2 | 116,3 | 149,7 | 144,2 |
| Hlutfall af VLF Per cent of GDP | | | | | | |
| Heildartekjur Total revenue | 41,4 | 41,9 | 44,9 | 41,7 | 57,8 | 43,4 |
| Skatttekjur ² Taxes ² | 31,4 | 31,9 | 34,7 | 32,8 | 48,1 | 34,2 |
| Tryggingagjöld Social contributions | 3,6 | 3,7 | 3,6 | 3,6 | 3,5 | 3,5 |
| Fjárframlög Grants | 0,2 | 0,2 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 |
| Aðrar tekjur Other revenue | 6,2 | 6,1 | 6,4 | 5,2 | 6,1 | 5,6 |

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

² Tekjur ríkissjóðs af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar 2016. *Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 2016.*

Skatttekjur- og tryggingagjöld nema 86,8% af heildartekjum


Megintekjustofn hins opinbera eru skatttekjur og tryggingagjöld. Skatttekjur og tryggingagjöld námu 962,7 milljörðum króna árið 2017 eða sem nemur 86,8% af heildartekjum hins opinbera. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu þessar tekjur 37,7% af landsframleiðslu. Skatttekjur hins opinbera drögust saman milli ára, en meðtalið í skatttekjum ársins 2016 er stöðugleikaframlagið sem er flokkað með

óreglubundnum eignasköttum samkvæmt alþjóðlegum stöðlum um hagræna flokk-un fjárhagsupplysinga hins opinbera.

Aðrar tekjur hins opinbera drögust saman um 3,6% milli ára, en þær ná yfir ýmsar óreglulegar tekjur, þar á meðal arðgreiðslur í ríkissjóð.

Mynd 4. Helstu skattstofnar hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 4. General government main taxes as per cent of GDP



Skattar á tekjur og hagnað er stærsti tekjuliður hins opinbera og skilaði 42,9% af heildartekjum hins opinbera á árinu 2017. Tekjur af tekjusköttum fara áfram vaxandi og jukust um 10,9% frá árinu 2016. Sem hlutfall af landsframleiðslu námu skattar af tekjum og hagnaði 18,6% árið 2017 en 17,5% árið 2016.

Tekjur hins opinbera af sköttum á vöru og þjónustu fara einnig vaxandi og hafa aukist um 8,9% milli ára. Skattar á vöru og þjónustu námu 28,5% af heildartekjum árið 2017 eða 12,4% af landsframleiðslu ársins.

Tafla 4. Skatttekjur og tryggingagjöld hins opinbera 2012–2017

Table 4. General government taxes and social contributions 2012–2017

| Hlutfall af VLF Percent of GDP | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 ¹ |
|----------------------------------------------------------|------|------|------|------|------|-------------------|
| Skattar og tr.gjöld Taxes and social contrib. | 35,0 | 35,6 | 38,3 | 36,3 | 51,6 | 37,7 |
| Skattar á tekjur og hagnað Taxes on income | 15,8 | 16,6 | 17,8 | 17,0 | 17,5 | 18,6 |
| Skattar á launagreiðslur Taxes on payroll | 0,3 | 0,3 | 0,3 | 0,3 | 0,3 | 0,3 |
| Eignaskattar ² Taxes on property ² | 2,5 | 2,4 | 2,5 | 1,9 | 17,6 | 2,0 |
| Skattar á vöru og þjónustu Taxes on G&S | 11,8 | 11,6 | 11,6 | 11,5 | 11,9 | 12,4 |
| Skattar á alþ.viðskipti Taxes on intern. trade | 0,4 | 0,3 | 0,3 | 0,2 | 0,2 | 0,2 |
| Aðrir skattar Other taxes | 0,6 | 0,6 | 2,2 | 1,7 | 0,6 | 0,7 |
| Tryggingagjöld Social contributions | 3,6 | 3,7 | 3,6 | 3,6 | 3,5 | 3,5 |

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures*.

² Tekjur ríkissjóðs af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtalar 2016. *Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 2016*.

Tafla 5. Tekjuskattar hins opinbera 2012–2017
Table 5. General government tax on income and profits 2012–2017

| Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i> | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 ¹ |
|--------------------------------------------------------|-------|-------|-------|-------|-------|-------------------|
| Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i> | 283,2 | 315,6 | 360,5 | 381,0 | 429,5 | 476,2 |
| Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i> | 234,5 | 258,6 | 270,6 | 298,0 | 337,5 | 370,6 |
| Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i> | 34,0 | 40,5 | 66,8 | 52,5 | 62,2 | 71,4 |
| Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest & cap. gains</i> | 14,8 | 16,5 | 23,1 | 30,5 | 29,9 | 34,2 |
| Hlutfall af VLF Percent of GDP | | | | | | |
| Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i> | 15,8 | 16,6 | 17,8 | 17,0 | 17,5 | 18,6 |
| Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i> | 13,1 | 13,6 | 13,4 | 13,3 | 13,8 | 14,5 |
| Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i> | 1,9 | 2,1 | 3,3 | 2,4 | 2,5 | 2,8 |
| Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest & cap. gains</i> | 0,8 | 0,9 | 1,1 | 1,4 | 1,2 | 1,3 |

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Útgjöld hins opinbera

Útgjöld hins opinbera námu 41,9% af landsframleiðslu

Útgjöld hins opinbera eru áætluð 1.070,9 milljarðar króna árið 2017 og drögust þau saman um 3,5% milli ára. Hafa ber í huga að gjaldfært var á árinu 2016 fjármagnstilfærsla frá ríkissjóði til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins sem nam 105,1 milljörðum króna. Aukning var í flestum öðrum gjaldaliðum hins opinbera.

Tafla 6. Útgjöld hins opinbera og undirgeira þess 2012–2017
Table 6. General government expenditure 2012–2017


| Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i> | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 ¹ |
|----------------------------------------------------------------|-------|-------|-------|-------|---------|-------------------|
| Hið opinbera <i>General government</i> | 807,2 | 830,5 | 908,5 | 949,1 | 1.109,9 | 1.070,9 |
| Ríkissjóður ² <i>Central government²</i> | 603,9 | 618,0 | 669,8 | 698,3 | 848,8 | 784,0 |
| Sveitarfélög <i>Local governments</i> | 233,0 | 250,9 | 271,3 | 287,0 | 306,5 | 332,3 |
| Almannatryggingar <i>Social security funds</i> | 157,3 | 160,8 | 170,0 | 177,7 | 194,0 | 224,2 |
| Hlutfall af VLF Per cent of GDP | | | | | | |
| Hið opinbera <i>General government</i> | 45,2 | 43,7 | 45,0 | 42,5 | 45,2 | 41,9 |
| Ríkissjóður ² <i>Central government²</i> | 33,8 | 32,5 | 33,2 | 31,2 | 34,6 | 30,7 |
| Sveitarfélög <i>Local governments</i> | 13,0 | 13,2 | 13,4 | 12,8 | 12,5 | 13,0 |
| Almannatryggingar <i>Social security funds</i> | 8,8 | 8,5 | 8,4 | 8,0 | 7,9 | 8,8 |

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

² Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðalinn 2016. *The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 2016.*

Heildarútgjöld ríkissjóðs árið 2017 eru áætluð 784,0 milljarðar króna eða 30,7% af landsframleiðslu. Til samanburðar voru útgjöld ríkissjóðs 848,8 milljarðar króna árið 2016. Heildarútgjöld sveitarfélaga eru áætluð 332,3 milljarðar króna árið 2017, sem er aukning um 8,4% frá 2016. Bráðabirgðatölur benda til að útgjöld almannatrygginga hafi aukist um 15,6% frá 2016 til 2017 og námu þau 8,8% af landsframleiðslu árið 2017.

Mynd 5. Samneysla og fjárfesting hins opinbera sem hlutfall af VLF
Figure 5. General government final consumption and investment as per cent of GDP



Samneysluútgjöld hins opinbera, þ.e. launaútgjöld og kaup á vöru og þjónustu að frádreginni sölu á vöru og þjónustu, námu 595,2 milljörðum króna eða 23,3% af landsframleiðslu árið 2017. Ær það aukning um 6,4% milli ára. Launkostnaðurinn vegur þyngst og er áætlað að hann hafi aukist um 9,4% frá árinu 2016.

Fjárfestingarútgjöld hins opinbera jukust um 19,7% árið 2017, en hlutfall þeirra af landsframleiðslu hækkaði úr 2,8% árið 2016 í 3,2% árið 2017.

Tafla 7. Hagræn flokkun útgjalda hins opinbera 2012–2017
Table 7. General government expenditure by economic type 2012–2017

| Hlutfall af VLF / Percent of GDP | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 ¹ |
|--------------------------------------------------------------------|------|------|------|------|------|-------------------|
| Heildarútgjöld Total expenditure | 45,2 | 43,7 | 45,0 | 42,5 | 45,2 | 41,9 |
| Laun Wages and salaries | 13,5 | 13,5 | 13,6 | 13,7 | 13,5 | 14,2 |
| Kaup á vöru og þjón. Use of goods & services | 12,0 | 11,7 | 11,4 | 10,8 | 10,4 | 10,2 |
| Vaxtagjöld Interest | 4,7 | 4,6 | 4,7 | 4,6 | 4,0 | 4,0 |
| Fjárframlög Grants | 1,7 | 1,6 | 1,5 | 1,3 | 1,4 | 1,5 |
| Framleiðslustyrkir Subsidies | 0,2 | 0,2 | 0,3 | 0,2 | 0,2 | 0,2 |
| Félagslegar tilf. til heimila Social benefits | 7,5 | 7,0 | 6,9 | 6,3 | 6,0 | 6,8 |
| Önnur tilfærsluútgjöld ² Other expenditure ² | 2,8 | 2,2 | 3,6 | 2,6 | 7,0 | 1,8 |
| Fjárfesting Acquisition of nonfinancial assets | 2,7 | 2,9 | 3,1 | 2,9 | 2,8 | 3,2 |

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.

² Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðalinn 2016. The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 2016.

Bráðabirgðatölur benda til þess að félagslegar tilfærslur til heimila hafi aukist um 17,1% og nemi 6,8% af landsframleiðslu á árinu 2017 í samanburði við 6,0% af landsframleiðslu árið 2016.

Vaxtagjöld hins opinbera námu 4,0% af landsframleiðslu

Vaxtagjöld hins opinbera árið 2017 voru 3,8% hærri en árið 2016, en sem hlutfall af landsframleiðslu námu vaxtagjöld hins opinbera 4,0% bæði árin. Hæst námu vaxtagjöld hins opinbera 6,0% af landsframleiðslu árið 2009.

Heilbrigðismál

Heilbrigðisútgjöld hins opinbera námu 7,2% af landsframleiðslu

Einn stærsti málaflokkurinn í opinberum rekstri eru heilbrigðismálin og árið 2017 runnu 18,5% útgjalda hins opinbera til þeirra. Áætlað er að heilbrigðisútgjöld hins opinbera¹ hafi numið 184,8 milljörðum króna eða 7,2% af landsframleiðslu árið 2017, sem er aukning um 7,3% frá árinu 2016. Heilbrigðisútgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu hafa verið frekar stöðug undanfarin ár, u.p.b. 7%.

Tafla 8. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 2012–2017

Table 8. General government expenditure on health 2012–2017

| Hlutfall af VLF Per cent of GDP | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 ¹ |
|------------------------------------------------------------------|------|------|------|------|------|-------------------|
| Heilbrigðisútgjöld alls <i>Expenditure on health²</i> | 6,9 | 7,0 | 7,1 | 6,9 | 7,0 | 7,2 |
| 1. Lækn.vörur og hjálpartæki <i>Medical products</i> | 0,7 | 0,6 | 0,6 | 0,6 | 0,5 | 0,5 |
| 2. Þjónusta við ferlisjúklinga <i>Outpatient services</i> | 1,3 | 1,4 | 1,5 | 1,5 | 1,5 | 1,6 |
| 3. Sjúkrahúsapjónusta <i>Hospital services</i> | 4,7 | 4,8 | 4,8 | 4,8 | 4,8 | 4,9 |
| 4. Forvarnir og alm. heilb.pj. <i>Public health serv.</i> | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 | 0,0 |
| 5. Heilbrigðismál ót.a.s. <i>Health n.e.c.</i> | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,1 | 0,1 | 0,2 |

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

² Kaup heimila á heilb.pjón. hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public health is excluded.*

Opinberum útgjöldum til heilbrigðismála má skipta niður á viðfangsefni, eins og gert er í töflu 8 en nánari upplýsingar er að finna í töflu 20 í töfluviðauka. Af opinberum útgjöldum til heilbrigðisþjónustu vegur hlutur almennrar sjúkrahúsaþjónustu þyngst, eða 67,4%. Þjónusta við ferlisjúklinga, þar á meðal almenn heilsugæsla og þjónusta sérfræðilækna utan sjúkrahúsa, kemur þar á eftir og nemur 22,7% af opinberum heilbrigðisútgjöldum. Lyfja- og hjálpartækjakostnaður nemur 7,0% af opinberum heilbrigðisútgjöldum.

Á mann námu heilbrigðisútgjöld hins opinbera 536 þúsundum króna. Útgjöld á mann á föstu verðlagi hafa hækkað um 10,4% frá því árið 2012, en eru þó enn 5,6% lægri en þau voru árið 2008.

Árið 2017 var 4,9% af landsframleiðslu ráðstafað til sjúkrahúsaþjónustu og hefur það hlutfall verið mjög svipað undanfarin ár. Að raungildi á mann hafa bæði útgjöld til sjúkrahúsa og útgjöld vegna lyfja- og hjálpartækjakaupa dregist saman um 2,1% á tímabilinu frá 2016 til 2017, en útgjöld vegna þjónustu við ferlisjúklinga hafa aukist um 5,4%.

Alls 223,7 milljörðum króna var ráðstafað til heilbrigðismála

Í töflu 9 hefur útgjöldum heimila til heilbrigðismála verið bætt við útgjöld hins opinbera og sýnir taflan heildarútgjöld til heilbrigðismála á árunum 1998 til 2017 ásamt hlutfalli heilbrigðisútgjalda af landsframleiðslu. Heildarútgjöld til heilbrigðismála eru áætluð 223,7 milljarðar króna árið 2017, sem nemur 8,8% af landsframleiðslu og hefur það hlutfall verið stöðugt undanfarin ár. Hæst urðu heilbrigðisútgjöldin 10,1% af landsframleiðslu árið 2003.

Árið 2017 voru 17,4% heilbrigðisútgjaldanna fjármögnum af heimilunum og hefur hlutfallið farið lækkandi undanfarin ár. Hæst hefur hlutur heimilanna farið í 19,7%, árið 2010.

¹ Frá útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála hafa verið dregin kaup heimila á heilbrigðisþjónustu hins opinbera, en þau flokkast með einkaneyslu heimilanna.


Tafla 9. Heildarútgjöld til heilbrigðismála 1998–2017

Table 9. Total health expenditure 1998–2017

| | Alls, millj. kr. <i>Total, mill. ISK</i> | Hlutfall af landsframleiðslu Percent of GDP | | | Hlutfall heimila af heild HH % of totals | Heilbr.útgj.- staðvirt ² <i>Health exp.</i> <i>in fixed Prices²</i> | Heilbr.útgj.- staðvirt á mann ² <i>Health exp.</i> <i>per capita²</i> |
|-------------------|----------------------------------------------------|------------------------------------------------|------------------------------------|----------------------|------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| | | Hið opinb. <i>General govern.</i> | Heimili <i>House- holds</i> | Alls <i>Total</i> | | | |
| | | | | | | | |
| 1998 | 52.482 | 7,0 | 1,7 | 8,7 | 19,4 | 100,0 | 100,0 |
| 1999 | 60.947 | 7,8 | 1,7 | 9,4 | 17,6 | 109,9 | 108,6 |
| 2000 | 65.076 | 7,5 | 1,7 | 9,3 | 18,7 | 110,7 | 107,8 |
| 2001 | 72.221 | 7,4 | 1,7 | 9,1 | 18,8 | 114,1 | 109,6 |
| 2002 | 82.764 | 8,0 | 1,8 | 9,8 | 18,1 | 120,5 | 114,7 |
| 2003 | 87.303 | 8,2 | 1,8 | 10,1 | 18,3 | 122,1 | 115,6 |
| 2004 | 92.222 | 7,8 | 1,8 | 9,6 | 18,7 | 123,6 | 115,6 |
| 2005 | 97.154 | 7,5 | 1,7 | 9,2 | 18,6 | 124,5 | 115,2 |
| 2006 | 107.214 | 7,3 | 1,6 | 9,0 | 18,0 | 127,4 | 114,6 |
| 2007 | 119.388 | 7,2 | 1,5 | 8,7 | 17,5 | 133,9 | 117,8 |
| 2008 | 135.730 | 7,2 | 1,5 | 8,7 | 17,4 | 138,2 | 118,5 |
| 2009 | 145.058 | 7,4 | 1,6 | 9,1 | 18,0 | 133,5 | 114,5 |
| 2010 | 143.426 | 7,1 | 1,7 | 8,8 | 19,7 | 125,2 | 107,8 |
| 2011 | 147.489 | 6,9 | 1,7 | 8,6 | 19,6 | 123,1 | 105,6 |
| 2012 | 154.465 | 6,9 | 1,7 | 8,6 | 19,6 | 122,4 | 104,5 |
| 2013 | 164.599 | 7,0 | 1,7 | 8,7 | 19,3 | 125,5 | 106,1 |
| 2014 | 176.278 | 7,1 | 1,7 | 8,7 | 19,0 | 129,3 | 108,1 |
| 2015 | 191.074 | 6,9 | 1,6 | 8,5 | 18,7 | 132,2 | 109,4 |
| 2016 | 209.839 | 7,0 | 1,5 | 8,6 | 17,9 | 139,4 | 113,8 |
| 2017 ¹ | 223.690 | 7,2 | 1,5 | 8,8 | 17,4 | 144,1 | 114,4 |

¹ Bráðabirgðatölur. Preliminary figures.² Heilbrigðisútgjöld hins opinbera staðvirt með verðvísítölu samneyslunnar en heimilanna með undirvísítölu vísítölu neysluverðs fyrir heilsu. Magnvíslata, 1998=100. Health expenditure of the gen. gov deflated by price index of government final consumption, the households' share by subindex for health from the CPI. Volume index 1998=100.**Mynd 6. Útgjöld hins opinbera sem hlutfall af VLF**

Figure 6. General government expenditure functions as per cent of GDP



Fræðslumál

Útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu 6,7% af landsframleiðslu

Hrein útgjöld¹ hins opinbera til fræðslumála eru áætluð 171,9 milljarðar króna á árinu 2017 eða 6,7% af landsframleiðslu. Tæplega helmingur útgjalda hins opinbera til fræðslumála rann til grunnskólastigsins eða sem nemur 3,2% af landsframleiðslu. Til háskólastigsins runnu 20% af fræðsluútgjöldum hins opinbera eða 1,3% af landsframleiðslu. Framhaldsskólastigið tók til sín 17% útgjaldanna og 10% fóru til leikskólastigsins. Í heildina námu útgjöld til fræðslumála 17,2% af heildarútgjöldum hins opinbera.

Tafla 10. Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2012–2017

Table 10. General government expenditure on education 2012–2017

| Slutfall af VLF | Percent of GDP | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 ¹ |
|--------------------------------------|---------------------------------------------|------|------|------|------|------|-------------------|
| Fræðsluútgj. alls² | Expenditure on education² | 6,9 | 6,9 | 7,0 | 6,8 | 6,6 | 6,7 |
| 1. Leikskólastig | <i>Pre-primary education</i> | 0,7 | 0,6 | 0,7 | 0,7 | 0,6 | 0,7 |
| 2. Grunnskólastig | <i>Primary and sec. education</i> | 3,3 | 3,2 | 3,4 | 3,2 | 3,1 | 3,2 |
| 3. Framhaldsskólastig | <i>Upper secondary edu.</i> | 1,2 | 1,2 | 1,1 | 1,2 | 1,1 | 1,1 |
| 4. Háskólastig | <i>Tertiary education</i> | 1,4 | 1,4 | 1,4 | 1,4 | 1,3 | 1,3 |
| 5. Önnur skólastig | <i>Other school leves</i> | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,2 | 0,3 | 0,3 |
| 6. Önnur fræðslumál ót.a.s. | <i>Education n.e.c.</i> | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 | 0,1 |


¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

² Kaup heimila á fræðsluþj. hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public education is excluded.*

Í töflu 21 í töfnumiðauka er að finna nánari upplýsingar um útgjöld hins opinbera til fræðslumála. Á mann námu fræðsluútgjöld hins opinbera 499 þúsund krónur, en þau stóðu í stað á milli ársins 2016 og 2017 á verðlagi ársins 2017. Að raungildi á mann drögust opinber fræðsluútgjöld saman um 15,9% á árunum 2008 til 2013 en hafa frá 2013 aukist aftur um 3,0%.

Mynd 7. Útgjöld hins opinbera, staðvart á mann

Figure 7. General government expenditure functions, per capita



Skýringar Notes: Staðvart á mann, þúsundir króna á verðlagi samneyslu 2017. *Per capita, at 2017 prices of government final consumption.*

¹ Frá útgjöldum hins opinbera til fræðslumála hafa verið dregin kaup heimila á fræðsluþjónustu hins opinbera sem flokkast með einkaneyslu heimilanna.

*Heildarútgjöld til fræðslumála
námu 7,4% af landsframleiðslu*

Í töflu 11 hefur útgjöldum heimila til fræðslumála verið bætt við útgjöld hins opinbera. Að þeim meðtöldum eru heildarútgjöld til fræðslumála um 189,7 milljarðar króna árið 2017 eða sem nemur 7,4% af landsframleiðslu. Rúm 9,4% útgjaldanna eru fjármögnum af heimilunum.

Tafla 11. Heildarútgjöld til fræðslumála 1998–2017

Table 11. Total expenditure on education 1998–2017

| | Hlutfall af landsframleiðslu | | | Hlutfall heimila af heild HH % of totals | Fræðslu.útgj.- Staðvirk ² | Fræðslu.útgj.- staðvirk á mann ² | | |
|-------------------|----------------------------------------------------|------------------------------------------|----------------------------|------------------------------------------------------|-----------------------------------------|---------------------------------------------------|--|--|
| | Percent of GDP | | | | | | | |
| | Alls, millj. kr. <i>Total, mill. ISK</i> | Hið opinb. <i>General govern.</i> | Heimili House- holds | Alls <i>Total</i> | | | | |
| 1998 | 42.388 | 6,41 | 0,66 | 7,07 | 9,3 | 100,0 | | |
| 1999 | 46.708 | 6,58 | 0,66 | 7,24 | 9,1 | 103,6 | | |
| 2000 | 51.206 | 6,64 | 0,66 | 7,30 | 9,0 | 106,9 | | |
| 2001 | 60.034 | 6,89 | 0,68 | 7,57 | 9,0 | 115,7 | | |
| 2002 | 69.753 | 7,51 | 0,76 | 8,26 | 9,2 | 123,9 | | |
| 2003 | 72.158 | 7,47 | 0,85 | 8,31 | 10,2 | 123,0 | | |
| 2004 | 78.508 | 7,35 | 0,80 | 8,15 | 9,8 | 128,7 | | |
| 2005 | 87.731 | 7,55 | 0,80 | 8,35 | 9,6 | 137,2 | | |
| 2006 | 99.121 | 7,51 | 0,77 | 8,28 | 9,4 | 142,6 | | |
| 2007 | 108.172 | 7,19 | 0,73 | 7,92 | 9,2 | 146,3 | | |
| 2008 | 124.195 | 7,32 | 0,67 | 8,00 | 8,4 | 152,8 | | |
| 2009 | 129.874 | 7,43 | 0,68 | 8,12 | 8,4 | 146,0 | | |
| 2010 | 129.943 | 7,29 | 0,69 | 7,99 | 8,7 | 139,2 | | |
| 2011 | 133.463 | 7,11 | 0,70 | 7,81 | 9,0 | 135,9 | | |
| 2012 | 136.837 | 6,93 | 0,72 | 7,65 | 9,4 | 131,5 | | |
| 2013 | 144.224 | 6,86 | 0,74 | 7,59 | 9,7 | 132,8 | | |
| 2014 | 155.463 | 6,96 | 0,74 | 7,69 | 9,6 | 137,6 | | |
| 2015 | 168.097 | 6,81 | 0,71 | 7,52 | 9,5 | 139,5 | | |
| 2016 | 177.879 | 6,56 | 0,69 | 7,25 | 9,5 | 141,2 | | |
| 2017 ¹ | 189.715 | 6,73 | 0,70 | 7,43 | 9,4 | 145,3 | | |
| | | | | | | 115,3 | | |

¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

² Fræðsluútgjöld hins opinbera staðvirk með verðvísetölu samneyslunnar, útgjöld heimilanna með verðvísetölu einkaneyslu til fræðslumála. Magnvísitala, 1998=100. *Expenditure of the gen. gov. deflated by price index of government final consumption, the households' share by price index for consumer education spending. Volume index, 1998=100.*

Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera

Peningalegar eignir hins opinbera námu samkvæmt áætlun 1.084 milljörðum króna í árslok 2017 eða sem nemur 42,4% af landsframleiðslu.

Tafla 12. Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera 2012–2017

Table 12. General government financial assets and liabilities 2012–2017

| Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i> | 2012 | 2013 | 2014 | 2015 | 2016 | 2017 ¹ |
|---------------------------------------------------|-------|-------|-------|-------|-------|-------------------|
| Peningalegar eignir <i>Financial assets</i> | 69,7 | 62,9 | 63,8 | 50,9 | 52,3 | 42,4 |
| Skuldir <i>Liabilities</i> | 123,0 | 114,1 | 113,4 | 99,1 | 86,8 | 74,0 |
| Verðbréf <i>Securities other than shares</i> | 47,0 | 44,4 | 43,5 | 39,9 | 34,6 | 28,8 |
| Lántökur <i>Loans</i> | 45,1 | 40,0 | 38,4 | 27,7 | 18,2 | 13,5 |
| Innlendar lántökur <i>Domestic loans</i> | 19,6 | 18,8 | 17,6 | 13,8 | 9,8 | 8,8 |
| Erlendar lántökur <i>Foreign loans</i> | 25,5 | 21,2 | 20,7 | 13,8 | 8,4 | 4,7 |
| Lífeyrisskuldbindingar <i>Pension liabilities</i> | 24,5 | 24,1 | 24,3 | 26,0 | 28,3 | 26,2 |
| Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i> | 6,4 | 5,7 | 7,3 | 5,6 | 5,8 | 5,4 |
| Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i> | -53,3 | -51,2 | -49,6 | -48,2 | -34,5 | -31,6 |


¹ Bráðabirgðatölur. *Preliminary figures.*

Heildarskuldir hins opinbera námu 74% af landsframleiðslu í lok árs 2017

Heildarskuldir hins opinbera námu samkvæmt áætlun 1.890 milljörðum króna í árslok 2017 eða 74,0% af landsframleiðslu, samanborið við 86,8% í lok árs 2016. Ær þetta sjötta árið í röð þar sem skuldir hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu fara lækkandi. Hæst var hlutfallið árið 2011, þegar heildarskuldir hins opinbera námu 126,2% af landsframleiðslu. Í árslok 2016 er áætlað að erlendar lántökur hafi numið 4,7% af landsframleiðslu en svo lágt hlutfall hefur ekki mælst á árunum 1998–2017. Innendar lántökur sem hlutfall af landsframleiðslu fara einnig lækkandi og eru 8,8%. Eignir og skuldir eru áætlaðar út frá greiðslutölum árið 2017 og geta niðurstöður breyst þegar endanlegt uppgjör liggur fyrir.

Mynd 8. Skuldir ríkissjóðs og sveitarfélaga sem hlutfall af VLF

Figure 8. Central and local governments gross debt as per cent of GDP



Frekari upplýsingar

Í heftinu hefur megináhersla verið lögð á fjármál hins opinbera, bæði í texta og töflum. Samsvarandi upplýsingar um ríkissjóð, sveitarfélög og almannatryggingar eru á vef Hagstofunnar: www.hagstofa.is/Hagtetur/Thjodhagsreikningar/Fjarmal-hins-opinbera.

English summary

In 2017, the financial balance of the general government was 38.7 billion ISK in surplus or 1.5% of GDP, compared with a surplus of 308.4 billion ISK in 2016, 12.6% of GDP. The revenue decreased by 21.8% while the expenditure decreased by 3.5%. Included in 2016 is extraordinary revenue of 384.2 billion ISK due to stability contribution from the estates of the fallen banks. The general government total revenue in 2017 of 1,109.6 billion ISK amounted to 43.4% of GDP, compared with 57.8% in 2016. The general government total expenditure of 1,070.9 billion ISK amounted to 41.9% of the 2017 GDP, compared with 45.2% in 2016.

In 2016, the total expenditure on health was 8.8% of GDP, of which 82.6% was financed by the general government and 17.4% by households. The public health expenditure per capita was 536 thousand ISK in 2017. In real terms public health expenditure per capita has increased in the last few years, but is still 5.6% lower than it was in 2008.

The total expenditure on education was 7.4% of GDP in 2017, of which 90.6% was financed by the general government. The public health expenditure per capita was 499 thousand ISK in 2017 and has decreased by 13.3% from the peak of 2008 in 2017 prices.

An assessment based on cash transactions data shows that the general government total financial assets amounted to 42.4% of GDP at the end of 2017 and the total liabilities 74.0%. Total liabilities, as a share of GDP, has not been lower since 2007.

All data referred to in this issue of the Statistical Series has been published on the website of [Statistics Iceland](http://Statistics.Iceland).

Tafla 13. Rekstrarreikningur hins opinbera árin 2012–2017

Table 13. General government statement of operations 2012–2017

